

Reykjavík, 3. júní 2022

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Bls. | 1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum (sala á framleiðslustað)

Hinn 30. maí síðastliðinn óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum (þskj. 838 í 596. máli á líðandi löggjafarþingi). Frumvarpið hefur verið tekið til skoðunar á vettvangi SVP.

SVP hafa áður veitt umsögn um frumvarp með sambærilegt efni og liggur [sú umsögn](#) þegar fyrir á vefsvæði frumvarpsins á heimasíðu Alþingis. Vísa samtökin í grundvallaratriðum til efnis hennar.


Á því rúma ári sem liðið hefur frá því SVP veittu framangreinda umsögn hefur starfsemi netverslana með áfengi tekið töluverðum breytingum, einkum þar sem nokkrum verslunum hefur verið komið á fót sem beina kröftum sínum að sölu til Íslendinga. Lagalegt inntak ákvæða um einkarétt ÁTVR til smásölu áfengis nær vart utan um nútímaverslunarhætti enda bera ákvæðin með sér að þau eru í grundvallaratriðum samin þegar veröldin var einfaldari og verslun var ástunduð þannig að söluvara var framsett í verslunarhúsnæði, viðskiptaviðurinn skoðaði hana þar, tók þar ákvörðun um kaup hennar og fékk hana afhenta samhliða framvísun greiðslu á afgreiðslukassa eða yfir borð. Með öðrum orðum voru allir þættir smásölnnar staðbundnir. Sér þess stað í lagaákvæðum um smásölu áfengis þar sem beinlins er gert ráð fyrir að verslun hafi verslunarhúsnæði staðsett innan sveitarfélagamarka, þ.e. útsölastað, og skilgreindan afgreiðslutíma í húsnæði sem uppfyllir öryggiskröfur.

Við stöndum á mótum hins gamla tíma og þess nýja og það er ekki tilviljun. Íslenskur markaður er í grundvallaratriðum á innri markaði EES-svæðisins þar sem vörur eru í frjálsum flæði. Vöruflutningar eru tíðir og flutningsleiðir margar. Kostnaður og umstang vegna smáinnflutnings stendur ekki lengur í mönnum. Í þessu ljósi hefur íslensk verslun staðið frammi fyrir áskorunum vegna samkeppni við erlenda netverslun. Í stað þess að berja höfðinu við steininn hefur íslensk verslun tekist á við það verkefni að leita leið til þess að fást við áskoranirnar, m.a. með því að nýta nútímataækni, skapa sérstöðu og veita viðskiptavinum góða þjónustu.

Að mati SVP felur frumvarpið í sér tímabæra breytingu sem ætti að gera brugghúsum fært að skapa sérstöðu sem ekki síst að stuðlar að fjölbreytni í ferðaþjónustu. Hins vegar skortir frumvarpið tvo þætti, þ.e. í því felast ekki áform um að heimila innlendum fyrirtækjum sölu áfengs öls og léttvins í netverslunum og sérverslunum. Má því segja að frumvarpið sé skref í átt til nútímans en þó alls ekki nægilega stórt.

Virðingarfyllt,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Andrés Magnússon
framkvæmdasjóri